

Nd.

60. Frumvarp til laga

um bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar til þess að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum og kjöti og sláturafurðum.

Flm.: Áki Jakobsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Meðan það verðlag á innlendum afurðum, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd (sbr. 4. gr. l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir), gildir, skulu ákvæði 4. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 og 2. gr. laga nr. 2 9. jan. 1935 ekki koma til framkvæmda.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði síðasta málsl. 1. gr. laga nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, skal viðskiptaráð ákveða útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd (sbr. 4. gr. l. nr. 1 7. jan. 1935) og kjötverðlagsnefnd hafa ákveðið útsöluverð á hingað til. Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samkomulagi því, sem varð í landbúnaðarvísitölunefnd, var verðlag til bændu á afurðum þeirra ákveðið fram til 15. sept. 1944. Það var að sjálfsögðu gengið út frá því, að ef þetta samkomulag næðist, þá mundu hvorki mjólkurverðlagsnefnd né kjötverðlagsnefnd hafa með verðákvörðun að gera þann tíma, sem samkomulagið stæði. Hins vegar eru ákvæði mjólkursölulaganna (nr. 1 7. jan. 1935) og kjöt-sölulaganna (nr. 2 9. jan. 1935) þannig, að þau veita mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd rétt til þess að ákveða útsöluverð afurðanna. Það mætti því segja sem svo, að fornlega séð gætu nefndir þessar enn haldið valdi sínu til að ákveða útsöluverðið, þar sem í samkomulagi vísitölunefndar landbúnaðarins er aðeins ákveðið um verðið til bændu. Þegar dýrtíðarmálin voru til umræðu á síðasta þingi, var beinlínis gengið út frá því, að ef samkomulag yrði í vísitölunefnd, þá hefðu mjólkur- og kjötverðlagsnefndirnar ekkert með verðákvörðunina að gera það tíma-hil, sem samkomulagið stæði. Aðalefni þessa frv. er að lögfesta þessa forsendu fyrir vísitölunefndinni. En með tilliti til þess, að vísitölunefndin ákveður aðeins verðið til bændu, er full ástæða til þess að fela hinu almenna verðlagseftirliti (viðskiptaráði) að ákveða útsöluverðið til þess að tryggja, að það verði ekki hærra en óhjákvæmilegt er.